

## 2. hluti - Valmöguleikar í þjálfun

Pistillinn er skrifaður með byrjendum í huga en þessir sjóuðu lesa yfirleitt allt efni sem þeir ná í um hattrick svo að ég býð þá bara velkomna til lestursins líka :)

Ég mæli með að lesa fyrst: „Þjálfunarplan í upphafi“ þar sem fjallað er um PM þjálfun og kynna sér svo aðra valmöguleika hér. Athugið að þó að þið veljið eina þjálfun í upphafi er það ekki endanleg ákvörðun, þið getið skipt um plan síðar.

### ***Playmaking***

Um þetta er fjallað í pistlinum „Þjálfunarplan í upphafi“ og þrátt fyrir að annars konar þjálfun sé nú orðin vinsælli en áður var í leiknum get ég hiklaust mælt með PM meðan menn eru að koma sér inn í leikinn jafnvel þó að hugurinn stefni eitthvað annað fljótlega.

Kostir:

Liðið fer fljótlega að ná góðum árangri í 4. deild þar sem miðjur andstæðinganna eru oft ekki beysnar. Þó að þjálfun sé mikilvæg tekjulind er árangur það líka og í raun er þáttur árangurs alltaf að vaxa á kostnað þjálfunar í peningamálum klúbbanna í hattrick.

Ókostir:

Það eru svo margir að þjálfar playmaking að markaðsverð miðjumanna getur sveiflast verulega. Því er mikilvægt að skera sig úr með því að þjálfar menn með góða aukaskilla, s.s. passing. Það er líka ókostur hvað það getur verið hundleiðinlegt að þjálfar upp stamina hjá miðjumönnum sínum en það er engu að síður nauðsynlegur partur af PM þjálfun.

### ***Goalkeeping***

Kostir:

Þú þarft bara að kaupa 2 leikmenn til að þjálfar sem er stór kostur í upphafi þegar þú átt lítið af aurum. Markmenn hafa svosem eitthvað lækkað í verði síðustu tímabil eins og aðrir leikmenn - en eru engu að síður enn góður gjaldmiðill á markaðnum og líklega er góður markmaður ein traustasta eign sem hægt er að eiga í formi leikmanns í hattrick. Hagfræði markmanna er líka afar einföld þar sem aðeins er horft eftir einum skill, þ.e. keeper.

Annar mjög áhugaverður kostur er taktískt frelsi, en þegar markmenn eru þjálfaðir skiptir engu máli upp á þjálfunina hvaða leikkerfi er spilað. Þetta hefur markmannsþjálfun fram yfir flesta aðra þjálfun.

Ókostir:

Það er ágætt í upphafi að þurfa bara að kaupa 2 trainees, en þegar fjárhagurinn vænkast er ekki valkostur að fjölga þeim ef verið er að þjálfar markmenn. Aðeins eru 2 lausar stöður í liðinu fyrir markmannsefni, ein á sunnudegi og ein í miðri viku.

### ***Defending***

Kostir:

Ef þú þjálfar vörn geturðu verið með 10 leikmenn í fullri þjálfun og fengið þannig verulegar tekjur af þjálfunarþrógrammi þínu.

Ókostir:

Vandamálið með að þjálfá 10 leikmenn í vörn (spila alltaf 5-3-2 eða 5-4-1) er að erfitt er að ná miklum árangri í leiknum með því að liggja alltaf í vörn. Síðar meir kann að vera að þú komir þér upp frábærum CounterAttack varnarmönnum (með hátt defending og passing) en í upphafi hefurðu ekki efni á leikmönnum sem virka vel í slíkri taktík. Horfið eftir passing þegar þið kaupði trainees í vörnina.

### **Scoring**

Kostir:

Góðir sóknarmenn hafa og munu alltaf hafa þrýðilegt verðgildi í leiknum ekki síst vegna þess að það er gaman að spila sóknarbolta. Ef þú þjálfar sókn ertu að spila 3-4-3 tvisvar í viku og fylgist með 6 ofurmarkaskorurum verða til.

Ókostir:

Þar sem fjárfesting þín liggur að mestu í sókninni verður vörnin brothætt í upphafi en í raun geta leikirnir orðið skemmtileg markasúpukeppni þar sem ofursóknin þín og slappildisvörnin sjá til þess að úrslitin verða 5-4 eða eitthvað álíka.

Markaðurinn vill helst að sóknarmenn séu með hátt passing og specialty (t.d. head, quick, technical) og slagur um góða trainees getur gert verðið á þeim óheppilega hátt fyrir byrjendur.

### **Winger**

Kostir:

Getur haft 4 leikmenn í fullri þjálfun sem er e.t.v. heppilegur fjöldi af trainees fyrir byrjendur, ekki allt of stór fjárfesting. Þar að auki geta 4 leikmenn fengið hálfu þjálfun en það þarf ekki að stressa sig yfir að fullnýta það í byrjun.

Ókostir:

Kantmenn skiptast með meira afgerandi hætti en aðrir leikmenn í yfirstétt og undirstétt eftir því hvort þeir hafa aukaskilla eða ekki. Kantmaður sem hefur bara góðan winger skill býr til fullt af kantsókn en þessir leikmenn eru ekki mjög hátt metnir af markaðnum. Ef sami maður aftur á móti er líka með hátt playmaking og leggur þannig hressilega til miðjunnar til viðbótar við kantsóknina er hann svokallaður ofurwinger og þannig leikmenn eru með því dýrasta sem maður finnur á sölulistanum. Í stuttu máli er ekki séns að byrjandi hafi efni á slíkum yfirstéttarnáunga.

### **Aðrir kostir**

Það eru til nokkrir aðrir valmöguleikar í þjálfun en ég mæli ekki með þeim fyrir byrjendur (og sumum bara alls ekki eins og general). Síðar meir getur orðið áhugavert að sérhæfa sig í t.d. passing þjálfun eða set pieces en það vandasamari pakki og kostar líka fullt af peningum að koma sér af stað. Geymið þælingar um slíkt þar til síðar.

### **Ráðlegging að lokum**

Þó að mikil áhersla sé lögð á mikilvægi þjálfunar þegar reyndir stjórar gefa nýliðum ráð - og það af góðri ástæðu - skaltu samt ekki fórna árangri liðsins alveg fyrir þjálfun. Þú þarft ekki að vinna deildina þína strax fyrsta tímabilið en ef þú vinnur fleiri leiki en þú tapar og ert á sæmilegu róli í deildinni koma áhorfendur á leikina, styrktaraðilar liðsins láta þig fá meira af aurum og þú færð smám saman svigrúm til að bæta liðið þitt í krafti peninga.

Til að tryggja þér sæmilegan árangur í 4. deildinni í upphafi án þess að þjálfu miðju eins og stungið var upp á í upphafi geturðu keypt þér 2-3 reynslubolta inn á miðjuna til að sjá um að halda boltanum innan liðsins. Ef þú ferð inn á sölulistann og leitar að t.d. leikmönnum með passable playmaking, excellent stamina og svona passable-solid experience ættirðu að fá upp lista af einhverjum ódýrum jöxlum sem nokkrir saman munu tryggja góðan árangur í hvaða 4. deild sem er. Passaðu þig þó á því að vera búinn að tryggja þér þjálfunarefni áður en þú ferð út í svona trikk.